

Alþingi
Erindi nr. P 131/817
komudagur 21.2.2005



VÉLSTJÓRAFÉLAG ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis,
Sjávarútvegsnefnd,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík.


Reykjavík 17. febrúar 2005

Efni: Umsögn um breytingu á lögum nr. 92, 24. maí 1994, um þróunarsjóð sjávarútvegsins, mál 387.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að lögin um Þróunarsjóð sjávarútvegsins falli úr gildi 1. júlí 2005 í stað 31. desember 2009. Einnig er gert ráð fyrir því að eignir sjóðsins, eins og þær verða á uppgjörstegi, renni til Verkefnasjóðs sjávarútvegsins. Um tilurð sjóðsins og verkefni segir svo í greinargerð með frumvarpinu:

Þróunarsjóður sjávarútvegsins hefur starfað frá árinu 1994. Hlutverk hans var að veita styrki til úreldingar fiskiskipa sem og að kaupa fasteignir sem nýttar voru til fiskvinnslu og framleiðslutæki sem þeim fylgdu. Einnig var sjóðnum heimilt að taka þátt í samræmdum aðgerðum lánastofnana við fjárhagslega og rekstrarlega endurskipulagningu sjávarútvegsfyrirtækja eða aðgerðum sem beindust að því að draga úr afkastagetu og greiða fyrir þátttöku íslenskra aðila í sjávarútvegsverkefnum erlendis. Síðar var sjóðnum falið að fjármagna að stórum hluta kaup á nýju rannsóknaskipi fyrir Hafrannsóknastofnunina. Þróunarsjóður sjávarútvegsins yfirtók við stofnun sjóðsins eignir og skuldbindingar Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins sem og neikvætt eigið fé Hlutfjárdeildar Byggðastofnunar og Atvinnuþryggingardeildar Byggðastofnunar vegna sjávarútvegsfyrirtækja. Í stofnefnahagsreikningi sjóðsins voru skuldir hans metnar tæplega 800 millj. kr. umfram eignir. Til að standa undir þessum viðamiklu verkefnum og fjárskuldbindingum voru lögð gjöld á eigendur fiskiskipa og um tíma á eigendur fiskvinnsluhúsa. Þessir aðilar hafa alfarið fjármagnað starfsemi sjóðsins.

Í síðustu tveimur másl. tilvitnaðrar greinargerðar kemur fram að eigendur fiskiskipa, og um tíma fiskvinnsluhúsa, hafi alfarið fjármagnað starfsemi sjóðsins. Að mati Vélstjórafélags Íslands er hér ekki farið rétt með þar sem allur útgjaldaauki á hendur útgerðinni, hverju nafn sem hann nefnist, hefur rýrt kjör sjómanna um sama hlutfall og hann rýrir kjör útgerðarinnar. Að öðru leyti hefur Vélstjórafélag Íslands ekki fram að færa athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,
f.h. Vélstjórafélags Íslands,


Helgi Laxdal, formaður

Fagmenn til sjós og lands!